

# Fundargerð 2007-07 --- 11. júní

## Dagsetning:

Mon, 11/06/2007

## Stjórnarfundur SÍSL, Hafnarfirði 11. júní.

*Viðstödd voru: Kári Húnfjörð Einarsson, Karen Sturlaugsson og Helga Björg Arnardóttir.*

### Landsmót Höfn.

Farið var yfir þær umsóknir sem höfðu þegar borist fyrir landsmót. Fjöldinn stendur nú í um það bil 170 krökkum. Skemmtunin á föstudagskvöldinu er nánast frágengin en enn á eftir að finna út viðeigandi hljómsveit fyrir laugardagskvöldið.

Ræddir voru möguleikar á einstaklingi til þess að vinna með slagverksfólkinu. Velja þarf einnig stjórnendur til þess að vinna með regnbogasveitirnar. Verkum verður dreift þegar nær dregur.

Skemmtiferðina þarf að útfæra en hugmynd er komin um það keyra út á sand sem er rétt fyrir utan bæinn. Þar er margt skemmtilegt hægt að gera.

Haft var samband við útsetjara til þess að útsetja eitthvert fínt lag fyrir mótið. Þá erum við komin með nýja útsetningu fyrir allar hljómsveitirnar. Það fer í prentun í lok ágúst.

Ekki fleira rætt og fundi slitið.

Helga Björg Arnardóttir, ritari

### Dagskrá landmóts Höfn -annað uppkast-

Föstudagur Skráning og kvöldmatur

Fyrsta æfing

Setning Landsmóts (hugmynd um að vera búin að setja á stofn úrvalssveit yngstu krakkanna og að hún spili á setningu mótsins)

Laugardagur Morgunmatur

Æfing

Hádegismatur

Skoðunarferð/skemmtiferð

Æfing /bolum dreift

Kvöldmatur

Skemmtun/Ball

Sunnudagur Morgunmatur

Tónleikar

Mótsslit

Hádegismatur

Heimferð